



19. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
Miðvikudaginn 7. febrúar 2007, kl. 16:30

Varaformaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fund og stjórnaði honum.
Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Lagt fram til kynningar:
 - a. Fundargerð Héraðsráðs frá 15. janúar 2007
 - b. Kostnaðarpáttaka Jöfnunarsjóðs í viðbyggingu leikskólans
 - c. Niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2006, sjá:
http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/ungt_folk_2006.pdf
 - d. Ársskýrsla Fasteignamats ríkisins 2005
 - e. Samantekt samvinnunefndar miðhálandis um skipulagsmál
 - f. Starfslýsing verkefnisstjóra
 - g. Málefni Kráks ehf. og Búrfjalla ehf.
 - h. Bréf Norðurár bs. dags. 4. febrúar 2007
2. Leyfi bæjarstjóra
3. Gjaldskrár:
 - a. Gjaldskrá fyrir hundahald
 - b. Gjaldskrá fyrir kattahald
 - c. Gjaldskrá sundlaugar (breyting á samþykktri gjaldskrá)
 - d. Gjaldskrá íþróttahúss (breyting á samþykktri gjaldskrá)
4. Reglur um afslátt fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega
5. Reglur um styrk til greiðslu fasteignaskatts
6. Styrkveitingar til Blönduósskirkju
7. Forkaupsréttur hlutabréfa í Tækifæri hf.
8. Bréf frá Stefáni Ólafssyni hdl.
9. Erindi frá Siglingastofnun vegna slysavarna í Blönduósshöfn
10. Rammasamningsútboð Ríkiskaupa 2007
11. Breyting á útlánavöxtum Lánasjóðs sveitarfélaga
12. Drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum og reglugerð um smásölu tóbaks – til umsagnar
13. Frumvarp til hafnalaga – til umsagnar
14. Ósk um samstarf frá bænum Valga í Eistlandi
15. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Eftirfarandi lagt fram til kynningar:
 - a. Fundargerð Héraðsráðs frá 15. janúar 2007
Umræður urðu um brunavarnir, málefni byggingafulltrúa, og grunnskólamál.
 - b. **Kostnaðarpáttaka Jöfnunarsjóðs í viðbyggingu leikskólans**
Lagt var fram bréf frá Jöfnunarsjóði dags. 16. janúar 2007 þar sem fram kemur að með kostnaðarpáttöku í framkvæmdum við leikskóla lýkur fjárhagslegri aðstoð Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar Blönduóssbæjar og Engihlíðarhrepps. Heildarframlög vegna sameiningarinnar munu nema allt að kr. 104.568.000.- þegar framkvæmdum lýkur. Framlag vegna yfirstandandi framkvæmda við leikskólann verður allt að kr. 25.248.000.-
 - c. **Niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2006**
Bæjarráð samþykkir að skýrslan verði kynnt æskulýðs- og tómstundaneftnd.



- d. **Ársskýrsla Fasteignamats ríkisins 2005**
- e. **Samantekt samvinnunefndar miðhálandis um skipulagsmál**
- f. **Starfslýsing verkefnisstjóra**
Umræður urðu um starfsmannamál bæjarins.
- g. **Málefni Kráks ehf. og Búrfjalla ehf.**
Hulda Ragnheiður kynnti framgang skipulags- og byggingarmála viðvirkjandi umræddum fyrirtækjum.
- h. **Bréf Norðurár bs. dags. 4. febrúar 2007**

2. Leyfi bæjarstjóra

Fram var lögð till kynning um veikindaleyfi Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur frá og með 18. janúar 2007. Hulda Ragnheiður Árnadóttir gegnir starfi bæjarstjóra Blönduóssbæjar í fjarveru Jónu. Bæjarráð samþykkir þessa tilhögun.

3. Gjaldskrár:

- a. **Gjaldskrá fyrir hundahald**
Drög að gjaldskrá lögð fram. Drögin samþykkt samhljóða.
- b. **Gjaldskrá fyrir kattahald**
Drög að gjaldskrá lögð fram. Drögin samþykkt samhljóða.
- c. **Gjaldskrá sundlaugar (breyting á samþykkttri gjaldskrá)**
Fyrirliggjandi breytingar samþykktar samhljóða.
- d. **Gjaldskrá íþróttahúss (breyting á samþykkttri gjaldskrá)**
Fyrirliggjandi breytingar samþykktar samhljóða.

4. Reglur um afslátt fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega

Fram var lögð tillaga að nýjum reglum um afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega. Tillagan var samþykkt samhljóða og falla fyrri reglur um afslátt fasteignaskatts úr gildi. Nýjar reglur eru eftirfarandi:

Reglur um afslátt af fasteignaskatti vegna ársins 2007

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2006.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 40.000,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2007 eru sem hér segir: (70% af tekjuviðmiði TR)

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 1.439.483,- fá 100% afslátt.
Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.134.750,- fá 0% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.303.172,- fá 100% afslátt.
Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 3.415.600,- fá 0% afslátt.*

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.



5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

6. gr.

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal bæjarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.

7. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignamats ríkisins.

8. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

9. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til fjármálastjóra Blönduóssbæjar eigi síðar en 1. júní 2007.

5. Reglur um styrk til greiðslu fasteignaskatts

Fram voru lögð drög að reglum um styrki til greiðslu fasteignaskatts. Reglurnar eru settar með vísan til 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Drögin voru samþykkt samhljóða og eru eftirfarandi:

**Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts skv. 5. gr.
laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.**

1. gr.

Bæjarráði Blönduóssbæjar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi æskulýðs- og mannúðarsamtaka sem ekki er rekin í ágóðaskyni, sbr. heimild í 2. mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Eru fasteignaeigendur í Blönduóssbæ
- b) Reka starfsemi sína í húsnæðinu með lögheimili í sveitarfélaginu, sbr. 1 gr. reglna þessara, með þeim undantekningum sem greinir í 3. gr. reglna þessara.
- c) Starfsemin skal vera mannúðar- og góðgerðarstarfsemi sem er rekin í almannapágu eða í þágu æskulýðs.
- d) Um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að meginstefnu til að vera unnin í sjálfböðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannaheill og samfélagið.
- e) Starfsemin má ekki njóta samningsbundinna rekstrarstyrkja frá sveitarfélaginu eða ígildi þeirra.
- f) Starfsemin má ekki vera rekin í ágóðaskyni en heimilt er að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins, sbr. þó 3.gr. reglna þessara.



3. gr.

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema 70% álagðs fasteignaskatts.

Nú eru fasteignir þær sem um ræðir jafnframt notaðar til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og skal þá leggja á og innheimta fasteignaskatt í réttu hlutfalli við slík afnot.

Sé húsnæðið leigt út ótímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því svarar. Ef um fleiri en einn eiganda er að ræða að eign, þar sem ekki allir uppfylla skilyrði reglna þessara, er veittur styrkur til þeirra sem uppfylla skilyrðin, í samræmi við eignahluta þeirra.

4. gr.

Eigendur bújarða eða útihúsa geta sótt styrki til greiðslu fasteignaskatts af útihúsum sem standa ónotuð. Leggja skal inn skriflega umsókn til sveitarfélagsins ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Bæjarráð metur umsóknir og ákveður styrkhæfni í hvert sinn. Sé umsókn metin styrkhæf fer um framkvæmd skv. 3. gr.

5. gr.

Um afslátt til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega vísast til sérstakra reglna Blönduóssbæjar þar um.

6. gr.

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts á eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Blönduóssbæjar og á skrifstofu sveitarfélagsins. Með umsókn um styrk skal fylgja ársreikningur sl. rekstrarárs, lög félags þar sem fram koma markmið þess og stutt greinargerð um starfsemi þess.

7. gr.

Aðila er heimilt að óska eftir endurupptöku máls skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

8. gr.

Bæjarráð Blönduóssbæjar endurskoðar reglur þessar í desember ár hvert ef þurfa þykir.

6. Styrkveitingar til Blönduósskirkju

Rannveig Lena Gísladóttir, Hilmar Kristjánsson og Sr. Sveinbjörn R. Einarsson mættu til fundarins f.h. sóknarnefndar Blönduósskirkju, þeirra erinda að óska eftir styrkjum úr bæjarsjóði kirkjunnar til handa. Bæjarstjóra falið að taka saman tilheyrandi gögn og gera drög að samningi fyrir næsta fund bæjarráðs.

7. Forkaupsréttur hlutabréfa í Tækifæri hf.

Umræður urðu um fyrirtækið og samþykkt samhljóða að nýta ekki forkaupsrétt bæjarins.

8. Bréf frá Stefáni Ólafssyni hdl.

Í bréfinu segir Stefán Ólafsson lögmaður Blönduóssbæjar sig frá þeim málum er hugsanlega varða fyrirtækið Krák ehf., með vísan til síðareglna lögmannna og vanhæfisreglna. Bæjarráð samþykkir samkomulag bæjarstjóra við Jón Kr. Sólnes hrl. um að taka við umræddum málum fyrir hönd bæjarins.



9. Erindi frá Siglingastofnun vegna slysavarna í Blönduósshöfn

Erindið er dagsett 28.12.2006 og varðar úttekt á öryggismálum í Blönduósshöfn. Nokkrar athugasemdir eru gerðar með vinsamlegum tilmælum um úrbætur. Bæjarráð óskar eftir tillögum tæknideildar um úrbætur.

10. Rammasamningsútboð Ríkiskaupa 2007

Bréf Ríkiskaupa um fyrirhugað rammasamningsútboð, dags. 23. janúar 2007 lagt fram. Bæjarstjóra falið að kanna málið betur.

11. Breyting á útlánavöxtum Lánasjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 22. janúar 2007, þar sem sjóðurinn tilkynnir hækkun vaxta.

12. Drög að reglugerð um takmarkanir á tóbaksreykingum og reglugerð um smásölu tóbaks – til umsagnar

Bæjarráð fagnar þeim breytingum sem fram koma í reglugerðunum.

13. Frumvarp til hafnalaga – til umsagnar

Bæjarráð gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

14. Ósk um samstarf frá bænum Valga í Eistlandi

Bæjarráð sér ekki ástæðu til að bregðast við erindinu.

15. Önnur mál.

a. Umsókn Skarfakletts ehf. um byggingarlóð að Hafnarbraut 4

Bæjarráð samþykkir umsóknina með fyrirvara um að framkvæmdir hefjist innan tveggja ára.

b. Námskeiðið Sóknarbraut á vegum Impru nýsköpunarmiðstöðvar

Bæjarráð samþykkir að styrkja hvern íbúa sveitarfélagsins sem tekur þátt í námskeiðinu um kr. 10.000.-

c. Umræður um afmæli gamla skólans

d. Íbúafundur sbr. samþykkt á síðasta fundi bæjarráðs

Samþykkt var að stefnt skuli að því að fundurinn verði haldinn fimmtudaginn 8. mars næstkomandi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Hulda Ragnheiður Árnadóttir (sign.)*

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Fundi slitið kl. 18:20

Einar Kolbeinsson (sign.)